

Fundargerð (58)

Fundur haldinn í húsnæði ríkissáttasemjara, Borgartúni 21 fimmtudaginn 22. september 2022, kl. 14.30.

Eftirtaldir sátu fundinn:

Frá Alþýðusambandi Íslands; Ragnar Ólason
Frá Bandalagi háskólamanna; Laufey Gissurardóttir
Frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja; Sonja Ýr Þorbergsdóttir
Frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga; Harpa Júlía Sævarsdóttir
Frá fjármála- og efnahagsráðuneyti; Aldís Magnúsdóttir og Einar Mar Þórðarson
Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga; Inga Rún Ólafsdóttir og Margrét Sigurðardóttir
Frá Reykjavíkurborg; Raket Guðmundsdóttir og Kolbeinn Guðmundsson
Frá Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu; Sigurjón Norberg Kjærnested
Verkefnisstjórn: Bergþór Haukdal Jónsson, Dagný Aradóttir Pind og Bára Hildur Jóhannsdóttir verkefnisstjóri.
Fundarstjóri: Bára Hildur Jóhannsdóttir
Fjarverandi er Maríanna Helgadóttir.

Bára Hildur skráði fundargerð. Dagskrá og gögn til undirbúnings fundinum lágu fyrir á Teams.

Í upphafi fundar var umfjöllun um matshóps og niðurstöðu skýrslu. Þá hluta dagskrár sat Helgi Aðalsteinsson frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

- Matshópur.** Kolbeinn gerði grein fyrir vinnu matshóps. Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu eru komin með ný gögn sem taka tillit til 90% af hjúkrunarheimilum þeirra og önnur aðildarfélög sem ekki eru hjúkrunarheimili. Umræða skapast um hvernig hægt er að horfa til ársuppgjörs þriggja launagreiðenda og hvort hægt sé að draga betur fram niðurstöður sem mikilvægast er að bregðast við. Umræða er m.a. um:
 - Sérstakar óskir eru frá fulltrúa BHM um að skoða grunnlaun en ekki heildarlaun með tilliti til áhrifa á vaktahvata. Málið verður rætt frekar í matshópi.
 - Aukning sem er á heildarlaunakostnaði hjá ríki og vinnumagni síðastliðna 2 mánuði. Verður skoðað áfram.
 - Vaktahvati er heilt yfir of lágur. Þarf að horfa til hans sérstaklega út frá starfsemi stofnana. Mun matshópur skoða það áfram.
 - Mörg tækifæri eru víða til að gera betur. Þurfum að draga fram niðurstöður lykilmælikvarða og frumkvæðisathugana.
 - Nauðsynlegt að hver launagreiðandi setji fram upphaflegt mat á lykilmælikvörðum. Reykjavíkurborg er að vinna sýna greiningu og mun hún liggja fyrir innan skamms. Fulltrúar SFV munu funda með fulltrúum ríkis til að fá aðstoð við upphaflegt mat fyrir lykilmælikvarða.

Tillaga um að verkefnastjórn komi með hugmyndir af dýpri greiningu gagna. Gögn þess efnis munu verða lögð fyrir stýrihóp fyrir næsta fund þann 20. október.

2. **Fundargerð** síðasta fundar 25. ágúst 2022, mun liggja fyrir næstu daga. Samþykkt fundargerðar verður tekin fyrir á næsta fundi stýrihóps.
3. **Framvinduskýrsla.** Bára Hildur fór yfir framvinduskýrslu, dags. 25. september 2022, sem lá fyrir í gögnum fundarins. Gerði hún grein fyrir helstu viðfangsefnum og samskiptum verkefnastjórnar frá síðasta fundi.
Sérstaklega er rætt um stöðu innleiðingar hjá Brunavörnum Suðurnesja. Ákveðið að fela verkefnastjórn að rita bréf til sveitarfélaga og stjórnenda vegna þess og leggja fyrir næsta fund stýrihóps.
4. **Eftirfylgni BVV.** Bára Hildur fór yfir mögulega dagskrá vinnufundar með þjóðfundarsniði. Góðar ábendingar koma fram sem unnið verður sérstaklega með. Sameiginlegur fundur með innleiðingaráhópum er einnig áætlaður 27. september þar sem meginumfjöllunarefnið er vinnufundur og drög að dagskrá. Verkefnastjórn mun senda endurskoðað minnisblað um vinnustofu með þjóðfundarsniði til stýrihóps eftir yfirferð með innleiðingaráhópum og að teknu tilliti til ábendinga sem komið hafa fram. Frekari umræða er áætluð á næsta fundi stýrihóps.
5. **Önnur mál.**
Engin frekari mál rædd.

Fundi slitið kl. 16.00. Næsti fundur verður 20. október. Fundargerð er aðgengileg á Teams.